

## Fundargerð

200. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn þriðjudaginn 24. apríl 2018 kl. 13.30 á Furuvöllum 1, Akureyri.

### Dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar borin upp til kynningar og samþykkt og undirrituð.**
2. **Ársreikningur 2017**

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi kynnti ársreikning 2017. Rekstur reyndist í góðu jafnvægi. Ársreikningur samþykktur og áritaður.

3. **Breytingar í starfsmannahaldi**

Sviðsstjóri mengunarvarnasviðs hefur sagt upp störfum með erindi dags. 4. apríl s.l. og óskar eftir að fá sig lausa frá störfum við fyrsta tækifæri og heilbrigðisnefnd fellst á það. Auglýsing eftir nýjum starfsmanni hefur verið birt á heimasíðu [www.hne.is](http://www.hne.is) og þess utan birtist auglýsing í N4 Dagskránni þann 25. apríl 2018. Ákveðið var að fela formanni og framkvæmdastjóra að fara yfir umsóknir og ræða við þá umsækjendur sem mæta skilyrðum auglýsingar og gera síðan ráðningarsamning við nýjan starfsmann í beinu framhaldi.

### Umsagnir:

1. **Deiliskipulagstillaga fyrir Hjalteyri í Hörgársveit, umsögn**

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi kynnti jákvæða umsögn um deiliskipulagstillögu fyrir Hjalteyri; í umsögninni er athygli vakin á væntanlegri fráveitureglugerð og þeim kröfum sem þarf að fullnægja til að lágmarka gerlamengun í fjörum. Umræða varð um staðsetningu á framtíðarútrás m.t.t. þessa og ákveðið að fela heilbrigðisfulltrúa að fara yfir málið með hönnuði.

2. **Umsögn HNE vegna umsóknar um leyfi til framkvæmda á verndarsvæði Mývatns og Laxár, í Laxárdal.**

Þorkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti jákvæða umsögn um leyfi til framkvæmda; gert er ráð fyrir að skilja að svartvatn og grávatn frá nýbyggingu.

3. **Skútustaðahreppur. Jarðböðin í Mývatnssveit, tillaga að greinargerð deiliskipulags.**

Þorkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti jákvæða umsögn með nokkrum ábendingum; um er að ræða umfangsmikil áform; áætlanir um úrbætur í fráveitumálum liggja fyrir.

### Umsóknir um starfsleyfi:

Eyjafjarðarsvæði:

1. Safnasafnið (Gamla-Búð), kt. 560895-2089, Svalbarðsströnd, 601 Akureyri, umsókn um leyfi til útleigu á íbúð. **Samþykkt til 12 ára.**
2. Aurora Vacation Homes sf (Sumarhúsin Fögruvík), kt. 521216-1820, Sílastöðum 601 Akureyri, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt til 12 ára.**
3. K.A.S. ehf, kt. 471186-1129, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi fyrir gistiþjónustu að Vegamótum (3 smáhýsi og Gamli bærinn), 620 Dalvík. **Samþykkt til 12 ára.**
4. K.A.S. ehf, kt. 471186-1129, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi fyrir gistiþjónustu; Dalvík Hostel Gimli, Hafnarbraut 5, 620 Dalvík. **Samþykkt til 12 ára.**
5. B&B Sólheimar 9, kt. 541015-3450, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi fyrir gistiþjónustu (gisting í heimahúsi í 2 herbergjum ásamt 2 studíó rými í nýju húsi á bílskúrslóð heimahúss), Sólheimum 9, Svalbarðsströnd, 601 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
6. Verkval ehf, kt. 530887-1709, Miðhúsavegi 4, 600 Akureyri, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi vegna aukinnar þjónustu, þ.e. hreinsun á olíu- og fitumenguðu vatni. **Samþykkt til 12 ára.**
7. Berglind Jónsdóttir, kt. 070391-2529, Byggðavegur 142, 600 Akureyri, fyrir šFótaaðgerðarstofu Berglindarö, Austurbyggð 17, 600 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
8. Guðný Rún Rúnarsdóttir kt. 060281-3279, Huldugil 11, 603 Akureyri, sækir um að kennitala šSnyrtistofunnar Yrmuð verði flutt á kennitölu meðeiganda stofunnar, Auðar Eufemiu Jónsdóttur, kt. 160482-5249, Jaðarsíðu 15, 603 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
9. TFW Akureyri ehf, styrktarþjálfun, kt. 620118-0870, KA heimili, Dalsbraut, 600 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
10. Akureyri Fish ehf/Fish & Chips kt. 430316-0520, Skipagata 12, 600 Akureyri. Tilkynning um nýtingu á heimild skv. 19. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti, að komið sé með hunda og ketti inn á veitingastað að uppfylltum ákveðnum skilyrðum er koma fram í 6. lið 19. greinar. **Þórey Agnarsdóttir heilbrigðisfulltrúi kynnti samþykki og skilyrði heilbrigðiseftirlits, fyrirkomulag og varúðar- og verklagsreglur vegna þessa. Um er að ræða nýmæli.**

Austursvæði:

1. Íslandshótel hf. kt. 630169-2919. Fosshótel Húsavík. Endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára.**
2. Kristinn Rúnar Tryggvason, kt. 231267-5739, Hóli 671 Kópaskeri. Fl. II- gistaður án veitinga (gistiskáli). **Samþykkt til 12 ára.**
3. Bragabót ehf. kt. 670801-2250, Árbót, 641 Húsavík. Fl. II- gistaður án veitinga (gistiskáli). Endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára.**
4. Hárform ehf, kt. 661113-0570, Garðarsbraut 15, 640 Húsavík, hárgreiðslustofa. **Samþykkt til 12 ára.**
5. Impact, kt. 611003-2340, Post-Plaza Guesthouse, Garðarsbraut 21, 640 Húsavík. Fl. II gistaður án veitinga (stærra gistiheimili). **Samþykkt til 12 ára.**
6. Steinsteypir ehf. kt. 420793-2359. Almenningsalerni að Hafnarstétt 1 640 Húsavík. **Samþykkt til 12 ára.**
7. Impact ehf, Trönuhjalla 7, 200 Kópavogur. Gistaður fl. II, án veitinga að Garðarsbraut 21, 640 Húsavík. **Samþykkt til 12 ára.**
8. Auðberg ehf, Skúlagarði, 671 Kelduhverfi. Gistaður fl: III með veitingum en þó ekki áfengisveitingum. Breyting á rekstraraðila. **Samþykkt til 12 ára.**

9. Geitey ehf. kt. 561202-2650. Dimmuborgir Guesthouse, Geiteyjarströnd. Fl. IV. Gististaður með áfengisveitingum. Endurnýjun. Áætlanir um úrbætur í fráveitmálum liggja fyrir. **Samþykkt til 12 ára.**
10. Draumaborgir ehf. kt. 650210-1660. Fl. II umfangslitlir áfengisveitingastaðir. Kaffiborgir. Endurnýjun . Áætlanir um úrbætur í fráveitmálum liggja fyrir. **Samþykkt til 12 ára.**
11. Bjarnarkot ehf kt. 490914-0320, útleiga á íbúð, Garðarsbraut 12, 640 Húsavík. **Samþykkt til 12 ára.**

### Önnur mál:

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi og Þorkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi skýrðu frá mikilvægi þess að þrjú matvælafyrirtæki á starfssvæði HNE sem byggja á heimavinnslu á kjöti og fiski afli sér starfsleyfis og samþykkisnúmers hjá Matvælastofnun. Um leið falla niður starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Fyrirtækjunum verður leiðbeint um að ljúka þessu ferli fyrir árslok.

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi skýrði frá átaki sem er fyrirhugað í Akureyrarbæ og snýr að því að fjarlægja númerslaus farartæki og lausadót af götum, lendum og lóðum. Heilbrigðisnefnd áréttar mikilvægi þess að Akureyrarbær tryggi skilvirkan flutning og geymslu, sbr. heilbrigðissamþykkt þar um.

Þórey Agnarsdóttir heilbrigðisfulltrúi skýrði frá þróun og prófunum á verklagi við þrif á gervigrasi íþróttahúsinu Boganum á Akureyri.

Þórey Agnarsdóttir skýrði frá atviki þar sem viðskiptavinur í matvöruverslun keypti bílrúðuvökva með metanóli (tréspíritus) í stað þess sem hann hélt að væri ávaxtasafi. Viðkomandi dreypti á vökvanum og fékk viðeigandi hjálp og meðferð. Athgli Umhverfisstofnunar og verslunar var vakin á þessu og farið yfir verkferla, merkingar og staðsetningar á efnavörum í versluninni.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 15.30

---

Jón Ingi Cæsarsson

---

Alfreð Schiöth

---

Guðmundur Smári Gunnarsson

---

Þorkell Björnsson

---

Lára Halldóra Eiríksdóttir

---

Þórey Agnarsdóttir

---

Kristín Halldórsdóttir

---

Benedikt Kristjánsson